

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 14/1994.

Samkvæmt ákvæðum 3. másl. 7. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga hefur ríkisskattstjóri reiknað út þær fjárhæðir er um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laganna og gilda vegna innborgana á árinu 1995.

Lágmarksfjárhæð skv. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 45.500 og hámarksfjárhæð kr. 455.000. Lágmarksfjárhæð skv. 3. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 11.375 og hámarksfjárhæð kr. 113.750.

Reykjavík, 21. desember 1994.

Garðar Valdimarsson,
ríkisskattstjóri.